

## Gjaldskrá fyrir sjúkraþjálfun 1. maí 2017

Skv. reglugerð nr.314/2017 og rammisamningi um sjúkraþjálfun

**Sjúkratryggðir greiða 90% af heildargjaldi** gegn framvísun beiðni um sjúkraþjálfun. Veita má sjúkratryggðum sjúkraþjálfun án beiðni, **að hámarki 6 skipti á ári**. Í almanaksmánuði greiðir greiðir sjúkratryggður að hámarki kr.24.600 fyrir heilbrigðisþjónustu, en í hverjum mánuði að lágmarki kr. 4.100.

Staða sjúkraþjálfara	Viðbót vegna skoðunar 90%	Almenn, þung* og heimameðferð 90%	Einföld meðferð** / Hópameðf I *** 90%	Hópameðferð II**** 90%
Almennur	5.872	5.432	3.745	2.497
30 ECTS	6.018	5.569	3.838	2.559
60 ECTS	6.165	5.704	3.932	2.621
Sérfræðingur	6.459	5.976	4.119	2.746

**Aldraðir og öryrkjar greiða 60% af heildargjaldi** gegn framvísun beiðni um sjúkraþjálfun. Í almanaksmánuði greiða aldraðir og öryrkjar að hámarki kr. 16.400 fyrir heilbrigðisþjónustu en að lágmarki kr.2.733.

Staða sjúkraþjálfara	Viðbót vegna skoðunar 60%	Almenn, þung* og heimameðferð 60%	Einföld meðferð** / Hópameðf I *** 60%	Hópameðferð II**** 60%
Almennur	3.914	3.622	2.497	1.664
30 ECTS	4.012	3.713	2.559	1.706
60 ECTS	4.110	3.803	2.621	1.748
Sérfræðingur	4.306	3.984	2.746	1.831

**Börn 2ja-17 ára greiða ekkert gjald fyrir þjálfun gegn framvísun beiðni**, annars greiða þau 30% af gjaldi sjúkratryggðra. **Börn yngri en 2ja ára og börn með umönnunarmat** greiða ekkert fyrir þjálfun. Börn með sama fjölskyldunúmer teljast sem einn einstaklingur og greiða börn sömu fjölskyldu kr. 16.400 fyrir heilbrigðisþjónustu að hámarki í hverjum almanaksmánuði og kr.2.733 að lágmarki.

Staða sjúkraþjálfara	Viðbót vegna skoðunar 30%	Almenn, þung* og heimameðferð 30%	Einföld meðferð** / Hópameðf I *** 30%	Hópameðferð II**** 30%
Almennur	1.957	1.811	1.248	832
30 ECTS	2.006	1.856	1.279	853
60 ECTS	2.055	1.901	1.311	874
Sérfræðingur	2.153	1.992	1.373	915

\*Þung meðferð: Átt er við meðferð sjúklinga með útbreidd eða flókin vandamál sem eru mun umfangsmeiri en í almennri meðferð. Þetta á við um einstaklinga sem eru með miklar og útbreiddar hreyfiskerðingar og eru verulega háðir aðstoð við hreyfingar og flestar athafnir í daglegu lífi. Til dæmis mikið andlega- eða líkamlega fatlaða einstaklinga, einstaklinga með fjölværka sem valda verulegri hreyfi- og færniskerðingu og þá sem orðið hafa fyrir skaða á miðtaugakerfi sem veldur útbreiddri hreyfi- og færniskerðingu.

\*\* Einföld meðferð: Notuð er ein tegund meðferðarforms þar sem leitast er við að beita gagnreyndri vitneskju á aðferðum innan sjúkraþjálfunar. Gildir einnig fyrir börn yngri en 12 ára

\*\*\* Hópmeðferð I: Tveir til fjórir einstaklingar, með svipuð vandamál eða sömu sjúkdómsgreiningu eru í þjálfun samtímis og skal sjúkraþjálfari vera með þeim allan tímann.

\*\*\*\* Hópmeðferð II: Fimm eða fleiri einstaklingar, með svipuð vandamál eða sömu sjúkdómsgreiningu en þó aldrei fleiri en 10, eru í þjálfun samtímis og skal sjúkraþjálfari vera með þeim allan tímann.

ATH: Einföld meðferð og hópmeðferð telst sem hálf meðferð af heimild.